

Varðar: Vatnagarðar 38, staðsetning ökutækjaleigu

Lagt er fram bréf Samgöngustofu, dags. 7. febrúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Þorsteins H. Þorgeirssonar f.h. Alp flotaleigu ehf. um að reka ökutækjaleigu að Vatnagörðum 38.

Í lögum um leigu skráningarskyldra ökutækja, 2015/65, dags. 9.júlí þá er ökutækjaleiga starfsemi sem rekin er í atvinnuskyni þar sem almenningi eða fyrirtækjum er boðið til leigu skráningarskyld ökutæki án ökumanns, að jafnaði til skemmri tíma. Hver sá sem hyggst reka ökutækjaleigu skal hafa til þess starfsleyfi frá Samgöngustofu. Starfsleyfi er ótímabundið og skal veitt að fenginni jákvæðri umsögn sveitarstjórnar í því umdæmi þar sem ökutækjaleiga mun hafa fasta starfsstöð. Í umsögn skal sveitarstjórn m.a. taka afstöðu til staðsetningar ökutækjaleigu og þess hvort aðkoma henti fyrir væntanlega starfsemi hennar. Umsagnir skulu vera skýrar og rökstuddar. Starfsleyfi getur verið bundið skilyrðum sem koma fram í umsögn.



Loftmynd dags. 27.7.222.

Lóðin Vatnagarðar 38 er skráð í gögnum FMR sem viðskipta- og þjónustulóð og heildarstærð 3156 m². Á lóðinni er skráð fasteign byggð árið 2016 með notkun sem þjónustuhús/bílaleiga og birt stærð þess 991,7 m². Gildandi deiliskipulag fyrir lóðina var samþykkt í Borgarráði 5.4.1988 með síðari tíma breytingum. Í deiliskipulagsbreytingu sem öðlaðist gildi þann



26.3.2015 segir m.a. í skilmálum að inna lóðamarka verði skilgreint athafnasvæði undir starfsemi bílaleigu. Jafnframt útfærð heimild eins- til tveggja hæða þjónustuhúss undir starfsemi bílaleigu. Starfsemin er skilgreind sem skrifstofurými, móttökurými fyrir viðskiptavinum, bílþvottastöð og verkstæði.



Hluti aðalskipulags Reykjavíkur 2040.


Miðsvæði (M9a).

Skipulagsleg staða

Í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er landnotkun á svæðinu skilgreind sem Miðsvæði, sbr. skipulagsreglugerð, en á slíkum svæðum er einkum gert ráð fyrir rýmisfrekri verslun, heildsölu, þjónustu og léttum iðnaði. Nýjar matvöruverslanir eru ekki heimilar. Íbúðir, hótél og gistiheimili eru ekki heimil. Landnotkun í aðalskipulagi er Vatnagarðar-Súðarvogur-Holtagarðar (M9a), þjónustukjarnar við stofnbrautir.

Í gildi er deiliskipulag í markmiðum gildandi deiliskipulags segir að þjónustuhús bílaleigunnar verður staðsett á lóðinni við Vatnagarða 38. Húsið mun þjóna sem móttökustöð fyrir viðskiptavinum sem skila bílum auk þess sem þar verður starfrækt þvottastöð og verkstæði fyrir minniháttar viðgerðir. Afhending bíla til útleigu verður í húsakynnum Holtagarða við Holtaveg 10 þar sem bílaleigan mun reka skrifstofurými og afgreiðslu fyrir viðskiptavinum sem leigja bíla.

Ennfremur segir að vegna nálægðar við núverandi bílastæði verslunarmiðstöðvar Holtagarða að Holtavegi 10 séu þau stæði nýtt undir starfsemi bílaleigunnar.



Vatnagarður 38, afstöðumynd

Niðurstaða

Umrædd starfsemi er í samræmi við landnotkun athafnasvæðis í aðalskipulagi og gildandi deiliskipulag. Starfsemi í tengslum við ökutækjaleigu hefur þá þegar verið starfrækt á svæðinu. Hins vegar er tilgreindur hámarksfjöldi upp á einungis 10 bílastæði á lóðinni að Vatnagörðum 38 skv. deiliskipulagi. Miðað við umsókn þá eru vel um og yfir 1250 ökutæki í umsjá umræddrar ökutækjaleigu (Alp flotaleigu ehf).

Nærliggjandi bílastæði verslunarmiðstöðvarinnar að Holtagörðum hafa hins vegar verið nýtt undir starfsemina líkt og gert er grein fyrir í gildandi deiliskipulagi og verður væntanlega framhald á þeirri tilhögun.

Í ljósi ofangreinds þá fellur rekstur ökutækjaleigu á svæðinu vel að þeirri starfsemi sem fyrir er á svæðinu og er hún í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur og verkefnastjóri.